


# *Erwin Schullhoff*

1894 – 1942



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar  
laugardaginn 23. júlí 2022 kl. 20:30  
sunnudaginn 24. júlí 2022 kl. 20:30

JULY 23<sup>RD</sup>

Presentation I      Erwin Schulhoff: The Beginnings (1894-1913)

**Erwin Schulhoff**      *Sonata for Violin and Piano, op. 7 (1913)*

*I. Allegro risoluto*

*II. Tranquillo*

*III. Presto*

*IV. Allegro molto*

Presentation II      Erwin Schulhoff: The Search for a Language (1913-1919)

**Erwin Schulhoff**      *Fünf Pittoresken (1919)*

*I. Foxtrott*

*II. Ragtime*

*III. In Futurum*

*IV. One-Step*

*V. Maxixe*

JULY 24<sup>TH</sup>

Presentation III Erwin Schulhoff: The Glorious Years (1919-1930)

**Erwin Schulhoff** *Sonata for Violin and Piano* (1927)

*I. Allegro impetuoso*

*II. Andante*

*III. Burlesca: Allegretto*

*IV. Finale: Allegro risoluto*

**Erwin Schulhoff** *Hot-Sonate “Jazz-Sonate”* (1930)

*I. M.M. ♩=66*

*II. M.M. ♩=112*

*III. M.M. ♩=80*

*IV. M.M. ♩=132*

Presentation IV Erwin Schulhoff: The Last Years (1930-1942)

**Alexander Liebermann** *Seen from the Sky* (2021)

Tónverk tékkneska tónskáldsins Erwin Schulhoff voru vel þekkt og nutu virðingar í upphafi liðinnar aldar, en virtust gleymast eftir að hann lést í fangelsi nazista árið 1942. Nú, áttatíu árum eftir andlát hans, er nafnið Erwin Schulhoff mörgum, flytjendum sem áheyrendum, enn hulin ráðgáta, en merkja má vakningu um að hefja þetta merka tónskáld til þeirrar virðingar sem honum ber.

Líkt og margir aðrir listamenn sem fæddir voru um aldamótin 1900, einkenndist líf Schulhoffs af mörgum átakanlegum atburðum. Hann upplifði fyrri heimsstyrjöldina, fall Austurrísk-Ungverska heimsveldisins, tilurð Tékkóslóvakíu, uppgang fasismans í Þýskalandi og á endanum síðari heimsstyrjöldina, sem leiddi til ofsókna í hans garð og dró hann að lokum til dauða.

Ólíkar tónlistarstefnur þess tíma; póstrómantík, impressjónismi, expressjónismi, dadaismi, nýklassík og djass – svo þær þekktustu séu nefndar – voru fyrirbæri sem fram að þessu voru óþekkt í sögu tónlistarinnar. Sú fjölbreytni í stílum sem þarna blómstraði hafði mjög mikil áhrif á Schulhoff og gerði honum kleift að finna sér mismunandi farvegi til tjáningar.

Með þessari hátíð viljum við ekki aðeins minnast Schulhoffs, heldur einnig miðla verkum hans og benda á mikilvægi þeirra í tónlistarsögu tuttugustu aldar. Á tveimur kvöldum munum við gefa innsýn í líf Schulhoffs, lýsa mismunandi tímabilum í tónsköpun hans og hlusta á nokkur hans mikilvægustu tónverk.

**Erwin Schulhoff** fæddist 8. júní 1894 í Prag og hóf tónlistarnám við konservatoríð þar að hvatningu Antonín Dvořák. Síðar nam hann píanóleik og tónsmíðar í Vín, Leipzig og Köln og meðal kennara hans voru Claude Debussy og Max Reger. Hann særðist í herþjónustu í fyrri heimsstyrjöldinni og var stríðsfangi Ítala til loka hennar. Næstu árin bjó hann í Þýskalandi uns hann flutti heim til Prag 1923 og kenndi við Tónlistarháskólann þar og fór í tónleikaferðir vítt um Þýskaland, Frakkland og England.

Erwin var af gyðingaættum og þar að auki hliðhollur kommúnistum sem olli því að verk hans voru bannfærð af nazistum og hann mátti ekki koma þar fram á tónleikum. Árið 1939 réðust nazistar inn í Tékkóslóvakíu og gat hann þá ekki birt verk sín nema undir dulnefni. Hann sótti um ríkisborgararétt til Sovétríkjanna, og var veittur hann, en nazistar handtóku hann og færðu í fangelsi í Bæjaralandi þar sem hann lést úr berklum 18. ágúst 1942.

**Alexander Liebermann** fæddist í Berlín og stundaði nám í tónsmíðum og tónlistarfræðum við Hanns Eisler háskólann, Juilliard tónlistarháskólann og Manhattan School of Music þaðan sem hann lauk doktorsprófi í maí síðastliðnum. Fyrir ritgerð sína sem fjallaði um Erwin Schulhoff hlaut hann hin virtu Saul Braverman verðlaun.

Þótt ungur sé, er Alexander eftirsóttur fyrir tónsmíðar sínar bæði í Evrópu og Bandaríkjunum. Verk hans eru pólitísk og innblásin af náttúrunni. Hann hefur lagt sig eftir að skrá nákvæmlega niður söng fugla og annarra dýra og notar hann það víða í tónverkum sínum. Hefur hið þekhta tímarit National Geographic fjallað um það á síðum sínum.

Yngstu tónverk Alexanders eru meðal annars verk sem Deutsche Oper Berlin pantaði hjá honum og fjallar um loftslagsbreytingar, og strengjatríó sem Staatskapelle Dresden fékk hann til að semja og er innblásið af fuglasöng. Einnig hefur hann samið tónlist við heimildarmyndina *Frozen Corpses Golden Treasures*. Þá er nýkomin út hjá bandaríska forlaginu Just A Theory Press bók hans *Birdsong: A Musical Field Guide*.

Alexander Liebermann býr nú í New York borg, þar sem hann kennir við Juilliard tónlistarháskólann.

**Hlíf Sigurjónsdóttir** er fædd í Kaupmannahöfn en ólst upp í Reykjavík. Hún nam fiðluleik hjá Birni Ólafssyni konsertmeistara við Tónlistarskólann í Reykjavík og fór síðar til framhaldsnáms við Háskólana í Indiana og Toronto og Listaskólann í Banff í Klettafjöllum Kanada. Einnig nam hún hjá Gerald Beal fiðluleikara í New York borg. Á námsárum sínum kynntist hún og vann með mörgum merkustu tónlistarmönnum tuttugustu aldarinnar, þar á meðal William Primrose, Zoltan Szekely, György Sebök, Rucciero Ricci og Igor Oistrach. Hlíf hefur haldið fjölda einleikstónleika og leikið með sinfóníuhljómsveitum og kammersveitum víða um Evrópu, í Bandaríkjunum og Kanada.

Haustið 2014 kom geisladiskurinn *DIALOGUS* út hjá MSR Classics í Bandaríkjunum með einleiksverkum í hennar flutningi, sem samin hafa verið sérstaklega fyrir hana. Maria Nockin, gagnrýnandi Fanfare Magazine, tilnefndi þann disk „CD of the year 2015“. Síðar endurútgaf sama útgáfufyrirtæki tvöfaldan geisladisk, frá árinu 2008, þar sem hún lék allar sönötur og partítur fyrir einleiksfiðlu eftir Johann Sebastian Bach. Hafa báðir þessir diskar hlotið mikið lof gagnrýnenda.

Hlíf er annt um íslenska menningu og sögu klassískrar tónlistar á Íslandi og sá til dæmis um útgáfu geisladisks 2020 með fiðluleik Björns Ólafssonar úr fórum RÚV. Í maí í ár stóð hún fyrir þrennum tónleikum þar sem leiknar voru gamlar sögulegar upptökur, sem að hennar undirlagi voru yfirfærðar og hljóðhreinsaðar af þessu tilefni. Hlíf hefur verið umsjónarmaður Sumartónleika Listasafns Sigurjóns frá upphafi.

**Slava Poprugin** píanóleikari fæddist í Khabarovsk í Rússlandi 1973, nam og útskrifaðist frá tónlistarskólanum þar 1998, flutti þá til Moskvu og hóf nám við Gnessin tónlistarakademiuna sem er talinn virtasti tónlistarkennaraskóli í Rússlandi. Þaðan útskrifaðist hann árið 2000 og kenndi píanóleik og kammertónlist við Tsjajkovskíj tónlistarháskólann í Moskvu til 2015. Árið 2018 var hann ráðinn sem prófessor við Konunglega tónlistarháskólann í Haag í Hollandi og hefur búið þar síðan.

Eftir útskrift frá Gnessin akademíunni hóf Slava að leika með Natalia Gutmann sem er einn virtasti sellóleikari Rússlands. Það samstarf stóð í rúman hálfan annan áratug og

komu þau fram í tónleikasölum á borð við Tsjajkovskíj- og Moskvu tónlistarhallirnar, Taipei þjóðarkonserthúsið, Hoam listahöllina í Seoul og Sala Cecília Meireles í Rio de Janeiro. Auk þessa hefur Slava komið fram með fjölda kammersveita víða um veröld og með einleikum á borð við Yury Bashmet, Alexander Buzlov, Martin Fröst og Alexander Kagan.

Sem einleikari hefur Slava tiltæk píanóverk eftir flest tónskáld frá Beethoven og Chopin til John Cage, Valentin Silvestrov og Galina Ustvolkaya. Þá er hann einnig eftirsóttur einleikari með hljómsveitum og hefur leikið konserta eftir Mozart, Rachmaninov, Stravinsky, Schumann og Ravel með stjórnendum eins og Súsönnu Mälkki, Vladimir Jurowski, Dmitry Liss og Vladimir Verbitsky.

Slava hefur alla tíð haft áhuga á upptöku- og hljóðtækni og stofnaði árið 2016 upptökustúdíóið Steppenwolf í Hollandi sem tekur að sér upptökur og hljóðvinnslu fyrir aðra.

**Adrien Liebermann** er af þýskum og frönskum ættum og ólst upp í tónlistarfjölskyldu í Berlín, lærði fyrst á píanó en sneri sér að saxófóni. Han nam fyrst við Listaháskólann í Berlín en lauk Bachelor gráðu frá Hanns Eisler háskólanum í Berlín árið 2019, þar sem hann nam hjá Johannes Ernst. Master of Music gráðu öðlaðist hann eftir nám hjá Philippe Geiss við Haute École des Arts du Rhin í Strassborg.

Á námsárunum tók Adrien þátt í fjölmörgum keppnum og vann til dæmis fyrstu verðlaun bæði í Klassísku saxófónkeppninni í Lübeck 2013 og Jugend Musiziert í Hamborg 2015. Námsstyrki hefur hann hlotið, meðal annars DAAD og frá Yehudi Menuhin Live Music Now Berlin.

Adrien hefur leikið með hljómsveitum eins og Berliner Philharmoniker, Karajan-Akademíunni og Heidelberg leikhúshljómsveitinni og unnið með virtum hljómsveitarstjórum eins og Sir Simon Rattle, Suzanna Mälkki, Enno Poppe, Marie Jacquot og Matthias Pintscher. Hann hefur leikið einleik með Síbelíusarhljómsveitinni og ungmennahljómsveitinni í São Paulo.

Adrien hefur þjálfað djass- og spunahæfileika sína hjá prófessor Peter Weniger og Volker Schlott frá Jazz Institute Berlin, prófessor Maria Baptist, Richard de Rosa, Michael Alizon og Philippe Geiss. Hann hefur hljóðritað og gefið út nokkra

geisladiska, þar á meðal verkið Sonata sem bróðir hans Alexander samdi fyrir hann árið 2018. Auk tónlistarflutnings sinnir Adrien tónlistarkennslu.

**Martin Frewer** fæddist í bænum Dartford í úthverfi Lundúna og hóf að læra á píanó sex ára gamall í Dorset og nokkru síðar einnig á fiðlu. Hann stundaði nám í Oxford University, þaðan sem hann útskrifaðist með gráðu í stærðfræði, en samtímis sótti hann fiðlutíma hjá Yfrah Neaman. Eftir útskrift frá Oxford hélt hann áfram fiðlunámi í Guildhall School of Music & Drama í London hjá Yfrah Neaman og lærði þá einnig á víólu hjá Nannie Jaimeson. Martin hefur sótt tíma og tekið þátt í opnum kennslustundum hjá Igor Ozim, Martin Loveday, Eric Gruenberg, Almita og Roland Vamos, Peter Guth, Ake Lundberg og Lin Yaoti.

Árið 1983 var Martin ráðinn til starfa hjá Sinfóníuhljóm- sveit Íslands og hefur búið hér síðan og unnið jöfnum höndum að hönnun tölvuhugbúnaðar og fiðluleik. Hann starfar nú sem hugbúnaðarverkfræðingur hjá Marel og leikur með sem lausa- maður hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hann er mjög laginn út- setjari og er stofnandi og leiðtogi kammersveitarinnar Spic- cato.

**Þórdís Gerður Jónsdóttir** er sellóleikari sem hefur þá sér- stöðu að leika jöfnum höndum sígilda tónlist og jazz. Sígildan sellóleik nam hún við Listaháskóla Íslands á árunum 2014– 2017 og í Det jyske Musikkonservatorium í Árósum, en þaðan lauk hún meistaraþráðu sumarið 2021. Þórdís lauk burtfarar- prófi frá jazzdeild Tónlistarskóla FÍH vorið 2015 en í náminu lagði hún áherslu á spuna og tónsmíðar. Þórdís er stofnmeð- limur kammerhópsins Cauda Collective og kemur víða fram sem sellóleikari. Hún gaf út hljómplötuna *Vistir* með hennar eigin tónsmíðum og útsetningum vorið 2021.

Árið 2014 lauk Þórdís námi í hjúkrunarfræði við Háskóla Ís- lands og viðbótardiplómu í lýðheilsuvísindum vorið 2019. Hún starfar á Bráðamóttöku Barnaspítala Hringsins á milli tón- leika.